



Horft til Snæfells yfir Vallanesi. Ljósmynd: Skarphéðinn G. Þórisson.



Valdimar Briem

Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi¹

Á tímum nýsköpunar og umbyltinga


Framtíð hvers samfélags ákvarðast af því hversu vel nýjar kynslóðir eru undirbúnar til að taka við af þeim eldri. Þessi undirbúningur er ekki síst mikilvægur í samfélögum í dreifbýli þar sem fjölbreytni í atvinnuvegum er tiltölulega lítil og fræðsluframboð takmarkað. Líðan og framtíðarsýn ungmenna mótast að öllu jöfnu mikið af stöðu þeirra í fjölskyldu og félagahópi, en einnig af þeim möguleikum, sem ungmennin álíta að samfélagið bjóði upp á. Það má til skamms tíma sannfæra fólk um, að afkoma þeirra sé tryggð og framtíðin björt, en ef samfélagið bregst þeirri tiltrú, sem hún hefur skapað hjá ungmennum, er hættu á, að þau verði fyrir vonbrigðum og missi trúna á framtíð í því samfélagi, sem þau eru uppalin í. Því má segja, að einungis það samfélag, sem býður ungmennum sínum upp á raunhæfa og ákjós-

anlega búsetukosti og tækifæri til viðeigandi menntunar, geti sjálft vænst bjartrar framtíðar.

Fólk vill síður eiga heima þar, sem búsetukostir eru slæmir. Því má ætla, að þróun íbúafjölda tiltekins landssvæðis gefi allgóða hugmynd um líðan íbúanna. Það er stundum haft á orði, að neytendur, „velji með fótunum“, þ.e.a.s. að þeir leiti þangað, sem kostir og kjör eru best. Sama má segja um búsetuval fólks, því ef ástandið er of slæmt, verður það á endanum úrkostur margra að flytja að heiman. Oft eru þetta ungmennin, sem síður eru bundin eignum og umhverfi en þeir, sem eldri eru.

Íslandi var frá alda öðli skipt í fjórðunga, Suður-, Vestur-, Norður- og Austurland. Af þeim hefur Austurland löngum verið strjálbýlast. Hefur íbúafjöldi þar minnkað töluvert í seinni tíð, og er nú einungis rúm 3% íbúa

¹ Hluti þeirra niðurstaða, sem hér eru sýndar, er fenginn úr tveimur skýrslum um fyrri verkefni, Valdimar Briem (2009): Byggsþróun á Austurlandi: Íbúafjöldi, sem var birt á Vísindavöku 2009 í Hafnarhúsinu, Reykjavík, og Valdimar Briem og Tinna Halldórsdóttir (2011): Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi, sem birtist í vefnimaritum félagsfræðinga, Íslenska þjóðfélagið, 2 (2011), 5-26. Í þeirri síðari má finna nákvæmari lýsingar á aðferð rannsóknarinnar og tölfræðilegum niðurstöðum. Báðar þessar skýrslur og viðbótarefni má nálgast á netinu á <http://austursetur.is/downloads/index.html>, og síðari skýrsluna auk þess á <http://www.thjodfelagid.is/index.php/Th>.



Mynd 1. Íbúafjöldi á Austurlandi á síðustu öld, fram að síðasta áratug aldarinnar (samkv. tölum frá Hagstofu Íslands).

landsins. Þróun íbúafjölda á síðustu öld, frá byrjun aldarinnar fram að síðasta áratug hennar, má sjá á mynd 1.


Á síðustu tveim áratugum fyrri aldar og fram á þessa öld var atvinnuþróun á Austurlandi fremur hæg, og hefðbundin atvinnuskipan ráðandi. Félagslegar breytingar voru að sama skapi litlar. Vegna gjöfilla fiskveiða og blómlegs fiskiðnaðar á seinni hluta aldarinnar, einkum síldveiðum og -vinnslu, jókst íbúafjöldi svæðisins um 36% frá byrjun sjötta fram undir lok níunda áratugs fyrri aldar, en á níunda áratugnum höfðu fiskveiðar- og iðnaður minnkað töluvert og atvinnuþróun staðnað. Á tíunda áratugnum varð kreppa í atvinnulífi svæðisins, og fólki fór fækkandi. Að því leyti sem íbúafjöldi lýsir þróun landsvæðis, má segja, að samfélagsleg þróun á Austurlandi í lok síðustu aldar hafi einkennt af hægri hnignun, sbr mynd 2.

Róttæk breyting varð á þróuninni á fyrsta áratug þessarar aldar, þegar íbúafjöldi á Austurlandi jókst á skömmum tíma með um 4000

manns. Þessi aukning varð þó ekki langvinn, og þróun íbúafjölda, atvinnu og afkomu á svæðinu á síðustu tíu árum hefur verið afar ójöfn. Í árslok 2009 hafði íbúum Austurlands fækkað stórlega á þrem árum, eftir hraða aukningu á þrem árum þar á undan. Þessar breytingar má að miklu leyti skýra út frá þeim gífurlegu framkvæmdum, sem áttu sér stað á svæðinu og tímabundnum fólksflutningum þeim tengdum. Þessi þróun er sýnd á mynd 3.

Í skýrslu Rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri (RHA) sem gefin var út í byrjun framkvæmdanna miklu (2005) var því spáð, „að álver í Reyðarfirði verði því valdandi að íbúar á Austurlandi verði 1.764 – 2.329 fleiri [2008 en 2002] en ef ekkert álver hefði verið byggt í landshlutanum“. Álversframkvæmdir eru sérstakur atburður, sem gerist aðeins einu sinni á löngum tíma á tilteknu svæði. Þær leiða eðlilega til tímabundinnar fólksfjölgunar, en geta haft aðrar, ófyrirsjáanlegar afleiðingar. Sem dæmi um það má nefna ruðningsáhrif

Íbúafjöldi á Austurlandi 1971-1997



Mynd 2. Íbúafjöldi á Austurlandi, frá og með áttunda áratug til loka síðustu aldar (samkv. upplýsingum frá Þróunarfélagi Austurlands).

álversframkvæmdanna sem valda því, að aðrar, hefðbundnar atvinnugreinar leggjast af og erfitt getur reynst að byggja þær upp á ný. Í nýrri skýrslu frá RHA (2010) er bent á, að erfitt sé að fá fram nákvæmar tölur varðandi þetta, en „[a]llir virðast þó vera sammála um að fleiri störf hafi lagst af í þessum geira [þ.e.a.s. fiskiðnaði, á tímabilinu 2002-2008] en þau 187 sem spáð var“ (bls. 77).


Töluverðar breytingar hafa orðið á skipan sveitarfélaga á Austurlandi á þessum tíma, og hefur þetta auðvitað haft áhrif á opinberan íbúafjölda svæðisins. Einkum kemur það til, að sveitarfélagið Hornafjörður hefur ekki talist með Austurlandi frá og með árinu 2010. Þessar breytingar eru sýndar í töflu 1.

Aukning fjölda íbúa á Íslandi í heild frá 2003 til 2009 var 11%, en meðaltal aukningar

í átta landshlutum var 7,8%. Þau þrjú svæði, sem skilja sig verulega frá meðaltalinu, eru annars vegar Suðurnes, þar sem íbúafjöldi jókst verulega (+28%), og hins vegar Vestfirðir og Norðurland vestra, þar sem íbúafjöldi minnkaði (-7% og -5%). Fólksfjölgun á Austurlandi (+11%) var því á þessu tímabili í meðallagi miðað við íbúatölu landsins alls, en yfir meðalaukningu í landshlutunum átta. Þessi þróunarhlutföll eru sýnd á mynd 4.

Breyting á íbúafjölda Austurlands 2003-2009 var því svipuð og á öllu Íslandi á sama tíma. Þetta gæti þýtt, að íbúafjöldi á Austurlandi hafi í raun breyst lítið vegna virkjana og álvers, en náð eðlilegu marki árið 2009. Þó má sjá af mynd 3, að íbúafjöldinn er langt í frá stöðugur ennþá. Annar möguleiki er því, að íbúafjöldi á Austurlandi sé enn að minnka,

Íbúafjöldi á Austurlandi 1990-2011



Mynd 3. Íbúafjöldi á Austurlandi 1990-2011 (samkv. tölum frá Hagstofu Íslands).

á svipaðan hátt og fyrir framkvæmdir, og að flestir þeir, sem fluttu á svæðið samkvæmt ofan nefndri spá, séu nú fluttir þaðan aftur. Hvort sem sannara er, þá virðast íbúaflutningar frá Austurlandi hafa aukist á ný, þrátt fyrir hinar stórtæku framkvæmdir á svæðinu, sem áttu að leggja grundvöll að velmegun og vexti. Með hag Austurlands og alls Íslands í huga, er erfitt að líta á þetta sem jákvæða þróun.

Samkvæmt Hagstofu Íslands voru íbúar Íslands árið 2009 samanlagt 319.368 talsins, en fækkaði um hálf prósent til ársins 2010. Hér er miðað við heildaríbúafjölda landsins, og rétt að minnast þess, að íbúafjöldi Austurlands er einungis rúm 3% af þeim fjölda. Á Austurlandi höfðu 10.373 manns búsetu árið 2010, og hafði þá fækkað um 3,4% frá árinu áður. Af íbúum 2010 voru

792 ungmenni á aldrinum 16-20 ára, sem höfðu lokið skyldunámi, 402 stúlkur og 390 piltar, langflest þeirra á Fljótshálfshéraði og í Fjarðabyggð, eða 283 og 339. Skólaárið 2009-2010 stunduðu 87% ungmennanna nám, einkum í tveim skólum, Menntaskólanum á Egilsstöðum og Verkmenntaskóla Austurlands á Neskaupstað, samtals 690 ungmenni, 418 stúlkur og 272 piltar.


Árið 2009 var hlutfall 16-20 ára ungmenna 7,5% af íbúafjölda á öllu Íslandi, og ögn herra á Austurlandi, eða 7,7%. Árið 2010 hafði ungmennum á Austurlandi fækkað um meir en 3% frá árinu áður, og Austurland orðið að sama skapi fátækara. Þróunin var svipuð árinu 2011.

Þessari rannsókn er ætlað að lýsa á skipulegan hátt viðhorfum ungmenna á Austurlandi, áliti þeirra á eigin högum, líðan nú og

Íbúafjöldi á Austurlandi eftir sveitarfélögum, 1990-2011

Ar	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Seyðisfjörður	981	919	898	879	866	830	831	799	805	827	796	773	750	742	717	731	726	716	717	717	706	668
Neskaupstaður	1738	1681	1635	1619	1649	1651	1606	1645														
Eskifjörður	1056	1036	1060	1055	1064	1006	1039	1004														
Fjarðabyggð									3297	3187	3096	3062	3056	3110	3181	3895	5705	5111	4736	4723	4641	4583
Skeggjastaðahreppur	132	129	132	134	160	148	142	151	145	155	156	141	138	133	132	125						
Vopnafjarðahreppur	908	912	888	886	897	875	872	846	821	786	757	742	761	741	727	725	712	701	674	674	683	668
Hlíðahreppur	98	90	88	85	82	86	87	81														
Jökuldalshreppur	166	165	152	151	156	145	143	140														
Fjalldalshreppur	118	113	113	117	111	109	109	100	96	87	86	82	84	93	242	355	524	366	143	135	89	80
Fellahreppur	391	415	431	430	433	442	441	445	440	443	444	457	447	471								
Tunguhreppur	99	95	92	94	96	97	90	91														
Hjaltastaðahreppur	86	83	81	74	73	70	61	71														
Borgarfjarðahreppur	215	207	201	189	183	176	178	153	152	142	146	150	140	140	136	146	146	146	142	142	134	141
Norður-Hérað									312	310	322	312	281	318								
Skríðdalshreppur	110	104	103	96	79	85	85	91														
Vallahreppur	166	166	163	148	153	157	152	140														
Egilsstaðir	1457	1482	1508	1560	1599	1580	1646	1637														
Eiðahreppur	153	163	161	152	153	142	141	131														
Mjóafjarðahreppur	32	38	36	34	30	29	28	27	27	31	30	31	36	37	38	42						
Norðfjarðahreppur	85	84	90	87																		
Reyðarfjarðahreppur	727	746	742	718	691	699	698	682														
Fáskrúðfjarðahreppur	95	92	95	92	90	89	79	83	82	75	63	63	57	54	51	48						
Búðahreppur	757	757	720	737	700	711	657	632	616	581	574	569	570									
Stöðvarhreppur	343	339	313	318	288	275	290	295	268	277	270	257	276									
Breiðdalshreppur	351	349	335	330	332	337	306	300	290	272	273	271	267	258	249	232	244	218	197	197	210	199
Beruneshreppur	79	71																				
Búlandshreppur	456	456																				
Geithellnahreppur	71	69																				
Djúpavogshreppur			590	591	582	590	558	538	495	504	524	521	500	493	479	458	463	450	456	454	443	447
Austur-Hérað									1992	2032	2023	2031	2063	2141								
Austurbýggð															855	869	859					
Fjótisdalshérað															3338	3905	4644	4073	3707	3695	3467	3401
Bæjarhr., Skatafellssýslu	51	54	51	51	50	47	47	57														
Nesjahreppur	301	314	321	341																		
Höfn	1688	1717	1744	1751																		
Mýrah., Skatafellssýslu	92	96	85	87																		
Borgarfarnahreppur	115	115	109	110	112	111	113	113														
Hofshr., Skatafellssýslu	119	123	121	119	117	114	108	109														
Hornafjarðarbær					2165	2178	2173	2188														
Sveitarfélagið Hornafjörður									2447	2408	2370	2336	2332	2305	2230	2189	2186	2120	2110	2103		
Samtals (án Skeggjast.hr. og Hornafjarðar)	10738	10632	10495	10442	10307	10181	10097	9931	9693	9554	9404	9321	9288	9453	10027	11396	13164	11781	10772	10737	10373	10187

Tafla 1. Íbúafjöldi á Austurlandi eftir sveitarfélögum, 1990-2011.



Mynd 4. Aukning íbúafjölda 2003 til 2009 á Austurlandi og í öðrum landshlutum (samkv. gögnum frá Hagstofu Íslands, 2011).

skoðunum á framtíðarhorfum sínum. Hér er athyglinni einkum beint að áhugamálum ungmennanna, framtíðarsýn, m.t.t. búsetu, atvinnu og mennta, liðan þeirra og væntingum um framtíðarstöðu í lífinu. Viðhorf ungmennanna eru hér auk þess sett í samhengi kyns, aldurs og ýmissa félagslegslegra þátta. Leitast er við að greina áhrif þróunar síðustu ára á viðhorf ungmennanna og fá vísbendingar um, hvernig skapa megi raunhæfan grundvöll fyrir æskilegri þróun staðbundinnar fræðslu og atvinnutækifæra á svæðinu.

Fyrri rannsóknir á högum ungmenna

Liðan og framtíðarsýn ungmenna ákvarðast af ýmsum persónueiginleikum, auk annarra þátta, m.a. í hlutrænu og félagslegu umhverfi þeirra. Í rannsóknum á högum íslenskra barna og ungmenna hefur athyglin einkum beinst að áhugamálum þeirra, tómstundum, fjölskyldu, áhættuhegðun og vellíðan almennt og í skólanum. Allir þessir þættir gegna hlutverki í að móta lífssýn og viðhorf ungmennanna.

Rannsóknarmenn við Háskólann á Akureyri hafa á síðasta áratug beint sjónum sínum gagnert að ungmennum á landsbyggðinni, högum þeirra, afkomu og áformum um framtíðaratvinnu og -menntun. Þeir færðu fyrir því rök, þegar árið 2004, að búsetuáform unglunga geti skipt máli fyrir þróun og mótun einstakra byggðarlaga, þar eð þessi áform spái þokkalega vel fyrir um framtíðarbúsetu þeirra. Nýjar rannsóknir sömu rannsóknarmanna benda til, að þjóðarstolt íslenskra ungmenna sé enn töluvert (um 50% eru mjög stolt), en hafi minnkað frá því fyrir hrún. Mestu máli skipti samt heimabyggðin, og hafði áthagaást aukist um 10% frá 2007, en Ísland sem slíkt skiptir einnig miklu máli fyrir ungmennin. Mörg ungmenni töldu, að þau myndu flytjast frá sínu byggðarlagi, og hafði löngunin til að flytja til útlanda aukist töluvert frá því áður. Ungmennin töldu þó oftast síður líklegt að þau myndu búa erlendis til lengri tíma. Unglingar af erlendum uppruna voru líklegri til að flytja en ungmenni með rætur á Íslandi, en viljinn, bæði til að flytja burt og til að flytja

aftur til heimahaga, var almennt sterkastur á Austurlandi.

Aðrar kannanir varpa ljósi á ýmsar aðrar hliðar á viðhorfum ungmenna. Í einni könnun í 8.–10. bekk grunnskóla á öllu landinu kom í ljós, að mikill meiri hluti unglinga voru „ekki óánægð með líf sitt“ en stúlkur voru yfirleitt heldur óhamingjusamari en piltar. Framtíðarsýn speglast í afstöðu unglinganna til náms og atvinnu. Stúlkur stefndu fremur í bóknám, en piltar í iðnnám. Sumir piltar en svo til engar stúlkur ætluðu að fara að vinna eftir grunnskóla. Yfir 70% ungmennanna ætluðu sér í háskóla, og hafði hlutfallið aukist frá árinu 2006 hjá ungmennunum á landsbyggðinni.

Samkvæmt annarri könnun leið nemendum í 6.-10. bekk grunnskóla yfirleitt vel á árinu 2009, en 10-15% þeirra sýndu þó einhverja vanlíðan. Stúlkur voru yfirleitt óruggari með sig en piltar, og má rekja þetta m.a. til óraunhæfra staðalimynda, sem einkum stúlkur eigi erfitt með að samsama sig, en lélegt sjálfsmat getur haft áhrif á náms- og starfsval.

Í enn annarri könnun var sýnt fram á, að lífsánægja ungmenna í 6. og 8. bekk var meiri árið 2010 en 2006. Lífsánægja minnkaði þó yfirleitt með aldri. Höfundarnir drógu þá ályktun að „kreppan hafi ekki haft umtalsverð neikvæð áhrif á lífsánægju íslenskra skólabarna á þessu árabili“, fremur hið gagnstæða.

Margar erlendar rannsóknir benda til, að lykilinn að vellíðan ungmenna sé oft að finna í fjölskyldu þeirra og ættartengslum, og að þetta geti ákvarðað hvernig ungmennunum farnist síðar í lífinu. Fjölskyldusamsetning hefur þó einnig mikið að segja í þessu sambandi. Uppeldishættir foreldra og aðstandenda ráða auk þess miklu um líðan, atferli og lífnáðarhætti, allt frá svo sjálfsgöðu atferli sem að borða morgunmat með fjölskyldunni og burstu tennur reglulega til neyslu brennivíns og annarra vímuefna. Ýmislegt bendir þar að auki til þess, að eftirlit og rétt aðkoma for-



eldra að uppveksti ungmenna skili sér í betri námsárangri.

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt, að skilnaður foreldra hefur oft í för með sér röskun á búsetu, tengslum og fjárhag allrar fjölskyldunnar, auk þeirrar streitu, sem allt þetta veldur. Aukin ábyrgð er oft lögð á herðar ungmennanna, jafnframt því sem fjölskyldustuðningur minnkar. Ungmennin búa yfirleitt hjá móðurinni, sem gegnir lykilhlutverki, en hlutverk föðurins verður óljósara. Enda þótt ungmennin óski yfirleitt eftir miklum samskiptum við ættingja, dregur úr umgengni við skyldmenni utan heimilisins eftir skilnaðinn, m.a. við föðurömmu og föðurafa.

Brottfall ungmenna úr skóla á sér ýmsar augljósar ástæður, þ.á.m. neyslu vímuefna, en brottfall má yfirleitt rekja áfram til sálrænna, félagslegra eða fjárhagslegra vandamála. Afstaða foreldranna til náms ungmenna skiptir miklu máli, sem og stuðningur þeirra við ungmennin í námi þeirra. Börn foreldra með litla menntun eru oft líklegri til að falla brott úr námi, en gott samstarf milli heimila og skóla dregur úr brottfalli.

Áhættuhegðun unglinga hefur verið könnuð, bæði í sambandi við kynlíf og notkun getnaðarvarna og hvað varðar vímuefnaneyslu. Sjá má, að félagslegir þættir eru einkar mikilvægir í þessu sambandi. Til dæmis

minnkar vímuefnaneysla nemenda í 8.-10. bekk þegar skóli og foreldrafélög vinna saman að forvarnarstarfi. Atvinnuleysi foreldra hefur ekki bein áhrif á áhættuhegðun unglunga, en er hins vegar tengt breyttum uppeldisháttum, og samanlagt hefur þetta áhrif á áhættuhegðun unglunganna, s.s. reykingar og áfengisnotkun. Virkur stuðningur foreldra, en ekki eftirlit þeirra sem slíkt, minnkar áhættuhegðun unglunganna. Það ber að nefna í þessu sambandi, að könnun, sem gerð var árið 2006, benti til þess, að neysla tóbaks, áfengis og annarra vímuefna væri minni meðal ungmenna á Fljótsdalshéraði en annars staðar á landinu.

Viðfangsefni núverandi rannsóknar meðal ungmenna á Austurlandi

Ofan greindar niðurstöður benda til áhuga-verðra sambanda milli aðstæðna ungmenna, einkum í fjölskyldu og félagahópi, og líðanar þeirra og mótun viðhorfa til framtíðar. „Líðan“ er margrætt hugtak, sem oft er erfitt að meta. *Samkennd*, hér skilgreind sem afstaða til sjálfs sín og tilfinningin að tilheyra félagslegu umhverfi sínu og vera virkur hluti af því (*e. Sense of Coherence*), hefur verið töluvert notuð á Norðurlöndum við athugun á líðan og félagsþroska einstaklinga og hópa, sem og á sálrænum afleiðingum alvarlegra lífsatvika á líðan og atferli fólks eftir á. *Samkennd* er notuð hér til þess að kasta ljósi á lífssýn og líðan ungmenna á Austurlandi.

Skoðanir ungmenna mótast af hugrænum eiginleikum þeirra, einkum sjálfsímynd, líðan og löngunum. Hugrænir eiginleikar byggjast hins vegar á grunni félagslegra og líffræðilegara þátta, og eru þá áhrif kyns ungmennanna mikilvæg, eins og áður hefur komið fram. Hugrænir eiginleikar eru einnig bundnir stað og stund, og aðstæður hvers einstaklings hafa áhrif á þá til langs eða skamms tíma. Skoðanir ungmennanna koma fram í staðhæfingum þeirra, og almenn viðhorf má greina í skoðununum. Líkan sem skýrir betur þessi

sambönd og auðveldar lesendum að greina þau er sýnt á mynd 5.


Eftirfarandi, almennar tilgátur voru lagðar fram um niðurstöður rannsóknarinnar: Líðan og framtíðarsýn ungmenna á Austurlandi eru tengdar (i) félagslegri og efnahagslegri þróun á svæðinu á undanförunum árum og (ii) einstaklingsbundnum eiginleikum, einkum kyni, fjölskylduháttum og ættartengslum á svæðinu. (iii) Val ungmennanna á menntun, ævistarfi og búsetu er tengt líðan þeirra, aðlögun og framtíðarsýn.

Aðferð rannsóknarinnar

Samtals 150 ungmenni á aldrinum 15-22 ára tóku þátt í rannsókninni, 78 stúlkur og 72 piltar, langflest þeirra nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME). Ungmennin svöruðu spurningalista með spurningum/staðhæfingum um *Bakgrunn*, *Áhugamál*, *Framtíðaráætlanir* og *Samkennd* (sbr. ofan). Greind voru gögn frá þeim 144 ungmönnum, sem áttu lögheimili á Austurlandi.

Bakgrunnur ungmennanna var skilgreindur samkvæmt níu breytum, sem voru Kyn, Bekkur, Námsbraut, Búsetulengd á svæðinu („nýflutt“: <10 ár „rótgróin“: >10 ár), Lögheimili á Austurlandi, Ættartengsl á svæðinu, Fjölskylduhagir, Menntun móður og Menntun föður. Sumar þessara breyta reyndust segja lítið um útkomu síðari greininga, en aðrar, s.s. Búsetulengd og Ættartengsl, höfðu mjög svipuð áhrif.

Svör ungmennanna um Áhugamál, Framtíðaráætlanir og Samkennd voru þáttageind, og komu þá fram 17 sterkir þættir, sem gefa til kynna skoðanir um ýmis mál, og er þeim lýst frekar í töflu 2. Æðra stigs þáttagreining sýndi, að þessa þætti mátti færa saman í átta yfirþætti, *Líðan*, *Frelsiskennd*, *Framtíðarsýn*, *Raunsæi*, *Háskólanám*, *Gætni*, *Námshvörf* og *Öryggiskennd*, og er þeim lýst út frá inniföldum þáttum í töflu 3, en nánari lýsing er gefin hér að neðan. Svörin, sem öll voru



Mynd 5. Líkan, sem lýsir framþróun viðhorfa ungmenna, m.a. eigin líðanar og framtíðaráforma.

á kvarða frá neikvæðni til jákvæðni, voru stöðluð þannig, að miðja kvarðans var stillt á núll, sem samsvaraði að öðru jöfnu hlutlausri skoðun (hvorki neikvætt né jákvætt). Þetta hafði ekki áhrif á dreifingu svaranna, heldur aðeins á túlkun þeirra.

Bakgrunnsbreyturnar voru síðan notaðar til að greina marktæk sambönd við skoðanir og viðhorf ungmennanna. Niðurstöðunum er lýst nánar hér að neðan.

Bakgrunnsbreyturnar

Svipuð hlutföll voru meðal búsetulengdar og ættartengsla í öllum árgöngum ME, og var munurinn milli ára marktækur í þeim öllum. Þannig eiga nýflutt ungmenni oftast lítil ættartengsl á svæðinu, en rótgróin ungmenni eiga yfirleitt mikil ættartengsl, bæði þau, sem eru fædd á Austurlandi, og þau, sem eru aðflutt á fyrstu þrem árum lífs síns (þ.e. fyrir 12-17 árum).

Enda þótt búsetutími ungmennanna á svæðinu væri að meðaltali 14 ár, lýsir það ekki skiptingu úrtaksins. Meirihluti rótgróinna ungmenna var fæddur á svæðinu ($n = 73$), en þriðjungur þeirra höfðu flust þangað með fjölskyldu sinni á fyrstu þrem aldursárunum ($n = 36$). Hins vegar höfðu flestöll nýflutt ungmenni ($n = 35$) flust á svæðið fyrir fjórum til átta árum (2003-2007), þegar þau voru 10-14 ára, á stórframkvæmdatímanum.

Mörg nýflutt ungmenni búa með öðru foreldrinu (einstæðu), eða með öðru foreldrinu og fösturforeldri, en flest rótgróinna búa í kjarnafjölskyldu með báðum foreldrum.

Um 2/3 mæðra og fedra höfðu framhaldsskólamenntun og er hlutfallsleg skipting ungmenna á fjölskyldur í samræmi við það, en samsvörun í menntun foreldra er þó algengust þegar báðir hafa grunnskólamenntun. Menntun fedra nýfluttra ungmenna greindist einnig hærri en almennt gerist á svæðinu, en

Múlaping

Páttur	Frekari lýsing
Velliðan	Góð líðan og sjálfsímynd, góð tengsl við foreldra
Ánægja hér	Jákvætt viðhorf til þjónustu, aðstöðu til félagslífs, íþróttar og búsetu á svæðinu
Frelsi	Virk þátttaka í íþróttum og tómstundalífi, ekki strangt aðhald frá foreldrum
Gætni	Andstæða við áhættuhegðun: Lítil eða engin áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun
Námssgleði	Jákvætt viðhorf til námsins, skólans og kennaranna, góður námsárangur
Öryggi hér	„Ég tel mig örugga/n þegar ég er ein/n að gangi á kvöldin“
Aðhald	Virkt eftirlit og aðhald foreldra
Nám hér	„Það eru í boði fullnægjandi möguleikar til framhaldsnáms í mínu sveitarfélagi“
Áttahaáást	Ánægja og bjartsýni á möguleikum á atvinnu og búsetu hér á svæðinu í framtíðinni
Háskóli hér	Ánægja með fræðsluframboð, fyrirætlað framhaldsnám hér á svæðinu
Háskóli almennt	Áætlnir um framhaldsnám að loknu núverandi námi, hér eða annars staðar
Búseta hér	Jákvætt viðhorf til búsetu hér á svæðinu í framtíðinni
Lífsgleði	Jákvæð og opinská sýn á öruggrí nútíð og ljósri framtíð, viðhorf, sem endurspeglar lífsgleði og traust á tilverunni, tilgangi lífsins og margbreytileika þess og eigin getu til að takast á við það
Bjartsýni	Tilfinningalegt jafnvægi, traust á opnum hug og heiðarleika annarra, stöðugleiki og traust á eigin tilfinningum og hugsunum
Æðruleysi	Höfnun á efasemdum, sjálfstraust, trú á eigin getu til að velja rétta leið í lífinu
Jafnaðargeð	Sátt við lífsaðstæður, rósemd, fyrirsjón
Traust	Fullvissa um skilning á tilgangi hversdagslífsins, öðru fólki og því hvernig það hugsar og hegðar sér

Tafla 2. Sautján þættir, sem skilgreina skoðanir ungmenna á Austurlandi á ýmsum málum, myndaðir í þátta-greiningum á staðhæfingum ungmennanna. Frekari lýsing er samkvæmt jákvæðum svarsildum (á kvarða frá -1,5 til +1,5).

Yfirgrípandi þáttur	Innifaldir þættir
Líðan	Velliðan, Lífsgleði, Bjartsýni, Æðruleysi, Traust
Frelsiskennd	Frelsi, lítið Aðhald
Framtíðarsýn	Ánægja hér, Áttahaáást, Búseta hér, lítið Æðruleysi
Raunsæi	lítil Lífsgleði, Jafnaðargeð
Háskólanám	Námssgleði, Háskóli almennt
Gætni	Gætni
Námshvörf	Nám hér, Háskóli hér
Öryggiskennd	Öryggi hér

Tafla 3. Átta yfirgrípandi þættir, sem komu fram í æðra stigs greiningu. Í þrem tilfellum, þar sem vægi innifalda þáttarins er neikvætt, er „lítið“ sett fyrir framan nafn hans en í tveim þessara tilfella koma inniföldu þættirnir einnig fyrir með jákvæðu vægi í öðrum yfirþáttum. Tveir yfirþáttanna hafa aðeins einn innifalinn þátt hvor.

slíkt samband var ekki til staðar fyrir meður nýfluttra ungmenna.

Sambönd við félagslegar aðstæður

Um fimmtungur ungmenna á Austurlandi á efri hluta annars áratugs lífs síns vorið 2010 tók þátt í rannsókninni. Þetta voru einkum nemendur í Menntaskólanum á Egilsstöðum (ME), og hlutfallslega fleiri Héraðsbúar en Fjarðabúar voru í úrtakinu (u.þ.b. 5:2). Því er ekki um hreint slembiúrtak að ræða. Segja má, að ME sé eðlilegt val til framhaldsmenntunar fyrir ungmenni á Héraði, sem flest hver geta þá búið heima á skólatíma. Ekki er eins augljóst, að ungmenni af Fjörðum velji að fara í ME, sem þýðir oft, að þau búi á heimavist á skólatíma. Sum ungmenni, einkum þau, sem eru búsett á Neskaupstað, og þau, sem ætla í verknám, velja að öllum líkindum fremur að fara í Verkmenntaskóla Austurlands eða í skóla á Akureyri eða í Reykjavík, þar sem skólakostur er fjölbreyttari.

Að þessu athuguðu, getum við samt gengið út frá því, að íbúar Austurlands séu samleitur hópur fólks, sem á meira sameiginlegt en það, sem ólíkt er á Fjörðum og á Héraði. Það er því full ástæða til að telja, að þau ungmenni, sem tóku þátt í rannsókninni, séu góðir fulltrúar fyrir öll ungmenni á Austurlandi.

Eins og áður hefur verið bent á, var samfélag á Austurlandi lengi í tiltölulega föstum skorðum, og breytingar voru hægar og föru meir eftir árferði og göngu fiskjar og byltingum stóriðju. Á síðasta áratug breyttist þróunin, samfara hinum miklu framkvæmdum á svæðinu og fólksflutningum í sambandi við þær. Nýir vegir hafa verið lagðir, jarðgöng boruð, samgöngur á svæðinu aukist og nýjar atvinnugreinar spröttið á meiði samfélagsins. Þetta hefur haft í för með sér töluverðan innflutning fólks á svæðið.

Samfélagsskipan er þó enn að mörgu leyti svipuð því, sem búast má við í dreifbýli. Samkvæmt svörum ungmennanna, er t.d. hlut-

fall kjarnafjölskyldna tiltölulega hátt, en um 75% þeirra bjuggu með báðum foreldrum sínum. Í nýjum gögnum frá Hagstofu Íslands kemur fram, að einstæðir foreldrar með börn eru 17% á landsvísi og 20% í Reykjavík. Á Austurlandi öllu er hlutfallið töluvert lægra, eða 12%, og einungis 10% ungmennanna í rannsókninni gáfu upp að þau byggju með einstæðu foreldri. Í þessu sambandi má einnig benda á, að 90% einstæðra foreldra á Íslandi eru konur.

Hlutfall nýfluttra ungmenna er hér tiltölulega hátt, eða um fjórðungur af hópnum. Þetta má eflaust tengja hinum miklu framkvæmdum, sem áttu sér stað á svæðinu. Þessi nýfluttu ungmenni eiga yfirleitt lítil ættartengsl. Á meðan rótgróin ungmenni búa oftast í kjarnafjölskyldu með báðum foreldrum, búa þau nýfluttu næstum eins oft með aðeins öðru eigin foreldri, þ.e. með einstæðu foreldri eða öðru foreldrinu og fösturförelldri. Hugsast getur að þessi sérstaða auki á aðlögunarerfiðleika nýfluttra ungmenna, sem þá gætu átt enn örðugra með að festa rætur.

Meirihluti rótgróinna ungmenna á sér hins vegar sterk ættartengsl á svæðinu, bæði þau sem eru fædd á Austurlandi og þau sem fluttust á svæðið á fyrstu aldursárum sínum. Vera má, að margir foreldrar þessa síðari hóps rótgróinna ungmenna hafi farið að heiman til náms eða atvinnu í öðrum landshlutum, og að því loknu valið að flytjast aftur austur, þangað sem grónir vinir voru fleiri og menningar- og ættartengsl sterkari. Margt bendir hins vegar til, að hefðbundin lífsmynstur séu ört að breytast hér á landi, og að áttahagatengsl ungmenna bæði í borg og á landsbyggð séu að mörgu leyti veikari nú en áður.

Tvennt kom fram hér um menntun foreldra, e.t.v. óskýlt hvort öðru, en tvímælalaust áhugavert. Það fyrra var, að feður nýfluttra ungmenna eru líklegri en feður rótgróinna til að hafa framhaldsskólamenntun. Skýringin á því gæti verið, að feður séu oftar fyrirvinna

fjölskyldunnar, að þeir hafi fengið sérhæft starf á Austurlandi á uppgangstímanum, og flust þangað með fjölskylduna. Það síðara var að menntun móður er jákvætt tengd áætlunum barna þeirra, einkum dætranna, um háskólmennntun. Af því mætti e.t.v. álykta, að mæður hafi meiri áhrif en feður á menntunaráform barnanna, kannski vegna meiri nærveru á heimilinu, og að þetta komi einkum fram í menntunaráformum dætranna þar eð móðirin er að öðru jöfnu staðalímynd þeirra.

Viðhorf ungmennanna

Yfirþættirnir átta, sem fengnir voru í æðra stigs þáttagreiningu, endurspegla viðhorf ungmennanna við ríkjandi aðstæðum í lífi sínu, þótt viss viðhorf einkenni fremur suma hópa en aðra. Innihald yfirþáttanna (i-viii hér að neðan) gefur tilefni til nafna þeirra og merkingar, sem skýrist í undirþáttunum (skoðunum ungmennanna; Sbr. ofan). Tveir yfirþættir, *Líðan* og *Framtíðarsýn*, eru sterkt tengdir fimm af sex hinna yfirþáttanna, og viðhorf, sem speglast í þeim, koma því oft fram í öðrum viðhorfum ungmennanna. Hinir sex yfirþættirnir eru tiltölulega óháðir hverjum öðrum. Yfirþættirnir eru ræddir hér að út frá samböndum undirþátta þeirra við aðra þætti og bakgrunnsbreytur:

Líðan ungmennanna var yfirleitt góð (gildi langt fyrir ofan miðju kvarðans), en líðan pílta þó oft betri en stúlkna. Lífsgleði rótgróinna ungmenna jókst ár frá ári í ME (með aldri), á meðan Lífsgleði nýfluttra minnkaði. Greinilegt er, að það er erfiðara fyrir nýflutt ungmenni að finna þessa hlið á tilveru sinni. Lífsgleði er hér andstæða leiða og uppgjafar, sem eru tiltölulega sjaldgæf meðal þessara ungmenna.

Hjá stúlkum eru Bjartsýni og Æðruleysi minnst á almennri námsbraut, og mest á náttúrufræðibraut, en þessu er öfugt farið hjá piltum. Traust rótgróinna ungmenna með mikil ættartengsl var hins vegar marktækt

meira en nýfluttra með lítil ættartengsl. Hafa ber í huga, að mörg ungmenni fara á almenna braut á fyrsta námsári, en flest þeirra velja síðan aðrar námsbrautir, eða hætta jafnvel í skóla.

Erlendar rannsóknir sýna, að grundvöll viðhorfa ungmenna má venjulega finna í líðan þeirra og tilfinningum. Tilfinningaöfga má oft rekja til líffræðilegra breytinga, sem eiga sér stað á unglingsárunum. Þessar öfgar og órói lýsa sér hins vegar oft öðruvísi í hegðun stúlkna og pílta.

Framtíðarsýn er tiltölulega flókinn yfirþáttur, og er í heild ekki tengdur kyni. Þannig er Áthagaást og Ánægja hér í heild svipuð hjá piltum og stúlkum, en ungmenni á Fjörðum lýstu yfir meiri Ánægju með búsetu á Austurlandi en ungmenni á Héraði. Áthagaást er auk þess meiri hjá bæði rótgrónum ungmennum og ungmennum með sterk ættartengsl, en sterkust er Áthagaástin þegar hvort tveggja þetta fer saman, þ.e. hjá rótgrónum ungmennum með sterk ættartengsl.

Vilji til Búsetu hér er meiri hjá piltum en stúlkum, og meiri hjá ungmennum með sterk ættartengsl. Þetta bendir til þess, að ungmenni, einkum piltar, sem eiga marga vini og vandamenn á svæðinu, álíti *Búsetu hér* vera góðan kost, og muni líklega sjálf búa á svæðinu í framtíðinni.

Marktækur munur var á *Framtíðarsýn* nýfluttra og rótgróinna ungmenna, sem gefur til kynna, að nýflutt ungmenni séu síður ánægð með búsetu á svæðinu en rótgróin ungmenni, nú og í framtíðinni. Þetta samsvavar niðurstöðum erlendra rannsókna, sem hafa sýnt, að einmanaleiki og vanlíðan ungmenna dregur almennt úr jákvæðni og virkni framtíðaráforma þeirra.

Vissar mótsagnir í *Framtíðarsýn* benda til óvissu ungmennanna um þá möguleika, sem fyrir hendi eru um atvinnu og búsetu. Hjá sumum má greina bæði ánægju með búsetu á svæðinu og óryggi í áætlunum um hana,

hjá öðrum bæði óánægju og óvilja til búsetu á svæðinu og jafnframt ásetning um að flytja burt. Fyrri viðhorfin einkenna fremur rótgróin ungmenni með mikil ættartengsl, einkum pilta, en síðari viðhorfin einkenna nýflutt ungmenni með lítil ættartengsl, og þá fremur stúlkur.

Ofangreind sambönd má einnig túlka svo, að þrátt fyrir að piltar á Austurlandi hafi yfirleitt meiri vilja til að búa á svæðinu í framtíðinni, geri þeir sér grein fyrir skorti á möguleikum þar til persónulegrar þróunar. Hjá stúlkum er meiri vilji til að flytja burt, og er sá vilji tengdur trú á eigin getu og hæfileikum til að laga sig að nýjum aðstæðum. Fylgnin milli *Framtíðarsýnar* og *Líðanar* er í samræmi við þetta.

Í *Raunsæi* jókst Lífsgleði rótgróinna ungmenna með árgangi í ME, en Lífsgleði nýfluttra minnkaði. Þetta má tengja aðlögunarerfiðleikum sumra nýfluttra, sem samkvæmt þessu minnkar ekki, heldur eykst með tímanum. Hins vegar ber að hafa í huga, að mikil lífsgleði og hjartssýni í ríkir almennt í ungmennahópnum, og er þetta hvort tveggja langt ofan við miðju kvarðans í hópnum í heild.

Lífsgleði er hinsvegar neikvætt tengd Jafnaðargeði. Jafnaðargeð felur í sér sjálfsmat, sem oftast einkennir fullorðins- en unglings-árin, og er marktækt tengt kyni. Þetta bendir til, að piltar áliti sig hafa meiri stjórn á eigin lífi og taki því með meiri rósemd og jafnara geði, en stúlkurnar búi við meiri óvissu í viðhorfum sínum, og sjái oftast upplausn og vandleyst viðfangsefni í tilverunni.

Í heild er *Raunsæi* ungmennanna töluvert undir miðju kvarðans, en *Raunsæi* pilta þó marktækt nær miðju kvarðans en *Raunsæi* stúlkna. Hér er óraunsæi ekki beint andstæða *Raunsæis*, heldur virðast opinskátt traust og ævintýraþrá fremur einkenna neikvæð gildi á þessum þætti.

*Frelsiskenn*d ungmennanna jókst með árgangi í skóla, og því með aldri. Ungmenni af báðum kynjum, sem telja sig njóta mikils Frelsis taka yfirleitt virkan þátt í íþróttum og tómstundalífi, og búa ekki við strangt Aðhald frá foreldrum.

Aðhald og eftirlit foreldra er marktækt minna hjá stúlkum sem búa einar eða með einstæðu foreldri. Aðhald ungmenna af Fjörðum er einnig minna en ungmenna af Héraði, sem er eðlilegt, þar sem mörg ungmennanna af Fjörðum búa á heimavist á skólatíma og umgangast ekki foreldra sína daglega, á sama hátt og búast má við hjá ungmönnum búsettum á Héraði.

Há gildi í *Háskólanámi* benda til raunhæfs vilja til að halda áfram námi í háskóla eftir ME. Þessi yfirþáttur á sér einnig sterka, jákvæða fylgni við *Líðan*. Stúlkur hafa yfirleitt hærri gildi á Háskóla almennt, og bendir það til þess, að þær séu oft námsfúsari en piltar. Hjá ungmönnum, sem búa með einstæðu foreldri (oftast móður), er þessu þó öðruvísi farið: Í þeim hópi hafa piltar jákvæðara, en stúlkur neikvæðara viðhorf til Háskóla almennt en önnur ungmenni. Námsgleði stúlkna, sem búa með einstæðu foreldri, er auk þess minni en annarra ungmenna.

Einnig má sjá, að stúlkur með mæður með grunnskólamenntun og lítil ættartengsl hafa litlar væntingar um Háskóla almennt. Engin samsvarandi tengsl voru við menntun fedra.

Gætni ungmennanna er vel yfir miðju kvarðans hjá báðum kynjum og gefur til kynna andstæðu við áhættuhegðun, hér einkum litla eða enga áfengis-, tóbaks- og vímuefnanotkun. Stúlkur, sem búa með einstæðu foreldri, sýna þó töluvert minni *Gætni* en önnur ungmenni, og gæti það e.t.v. bent til, að staðalímyndir þessara stúlkna séu óskýrari eða neikvæðari en annarra ungmenna, og í áhættuhegðun þeirra felist því leit að stöðugri farvegi til að þróa líf sitt í, enda þótt farvegurinn sé í því tilfelli miður heppilegur.

Þetta getur einnig þýtt, að þessi ungmenni njóti minna eftirlits og umhyggju í fjölskyldu sinni, en slíkt væri í samræmi við fyrri rannsóknir. Jákvæð fylgni milli *Gætni* og *Líðanar* bendir til þess, að ungmenni, sem líður almennt vel, temji sér síður áhættuhegðun. Niðurstöður fyrri rannsókna benda auk þess til, að þetta séu oftast ungmenni, sem eiga trausta fjölskylduhagi og ættartengsl.

Í *Námshvörfum* er Nám hér nálægt miðju kvarðans hjá báðum kynjum, en Háskóli hér langt undir miðju. Sjá má töluvert meiri trú á Háskóla hér bæði hjá rótrónum ungmennum með sterk ættartengsl og nýfluttum með lítil ættartengsl, enda þótt ástæða síðara sambandsins sé ekki fyllilega ljós.

Fyrirætlanir um að fara í framhaldsnám á háskólastigi á Austurlandi eru sjaldséðar, og ber það vott um vafa um og e.t.v. óánægju með fræðsluframboðið á svæðinu. Slíkt væri eðlilegt með það í huga, að staðbundið háskólanám er ekki í boði á Austurlandi, aðeins fjarkennsla og almenn námskeið á vegum Þekkingarnets Austurlands. Há gildi á þessum yfirþætti gefa því sennilega til kynna fyrirætlanir um að hætta námi eða stunda einstök námskeið.

Öryggiskennd (Öryggi hér) tengist engum öðrum atriðum eða þáttum, er langt yfir miðju kvarðans hjá báðum kynjum, og eykst með árgangi í ME (aldri). Þetta segir okkur, að það sé álit bæði stúlkna og pilta, að *Austurland* er *öruggur staður að vera á!* Almenn tölja sig piltar þó öruggari en stúlkur, en minnst er *Öryggiskennd* hjá stúlkum af Fjörðum, og ástæðan fyrir því gæti einkum verið, að þessar stúlkur eru við nám á skólatíma fjærri heimili sínu og vandamönnum.

Almenn umræða

Viðhorf ungmennanna eru greind úr takmörkuðu mengi staðhæfinga, og því langt í frá tæmandi fyrir allar skoðanir þeirra. Þetta gerir þó ekki viðhorfin síður áhugaverð, og þau

eru vel marktæk fyrir þá málaflokka, sem um er að ræða.

Líðan og *Framtíðarsýn* endurspegla þau viðhorf ungmennanna sem einkum stóð til að rannsaka hér. *Líðan* er tvímælalaust mikilvægust viðhorfa, og er hún sterkt tengd öðrum þáttum. Þetta bendir til þess, að skoðanir tengdar tilfinningalífi séu yfirleitt ráðandi í tilveru ungmennanna, og séu undirstaða annarra skoðana þeirra.

Af einstökum bakgrunnspáttum hafði kyn ungmennanna mest áhrif á viðhorf þeirra, en *tengsl* við svæðið, ættmenni og vini höfðu einnig mikil áhrif. Kyn og tengsl við svæðið og ættmenni hafa almennt áhrif á *Líðan* ungmennanna og áform þeirra um framtíðarbúsetu (hér eða annars staðar), en fjölskylduhagir og menntun foreldra hafa fremur áhrif á *Framtíðarsýn* ungmennanna, einkum atvinnu- og námsáform þeirra. Stúlkum, einkum þeim sem hafa lítil tengsl við svæðið, líður oft verr en öðrum ungmennum, og virðast þær vera opnari fyrir því að flytja burt þaðan. Piltum, einkum þeim sem hafa mikil tengsl við svæðið, líður yfirleitt betur og eru þeir oftast tilbúnir til að búa á Austurlandi í framtíðinni.

Líðan hefur marktæka fylgni við öll önnur viðhorf nema *Frelsiskennnd*, sem á ekki fylgni við neitt annað viðhorf. Því má segja, að *Frelsiskennnd* sé almennt viðhorf, sem tilheyrir aldri ungmennanna, nýfengnu sjálfstæði og lausn úr viðjum bernskunnar.

Framtíðarsýn lýsir sér einkum í vilja til búsetu og væntingum um atvinnu á Austurlandi, og byggist að ýmsu leyti á öðrum forsendum en *Líðan*. Þessi tvönnu viðhorf eru því fremur óbeint tengd, eins og sjá má af innbyrðis fylgni þeirra, sem er ekki sérlega sterk. Áhrif *Líðanar* og *Framtíðarsýnar* eru hins vegar af sama tæi með tilliti til fylgni við önnur viðhorf, einkum *Raunsæi*, *Háskólanám* og *Námshvörf*.

Þannig eiga bæði *Líðan* og *Framtíðarsýn* neikvæða fylgni við *Raunsæi*. Aukið *Raunsæi* samsvarar auknu jafnaðargeði og minni öfgum bæði jákvæðra og neikvæðra kennda hjá ungmennunum, þ.á.m. minni lífsgleði. Því meira *Raunsæi* sem ungmennin sýna, því minna er traust þeirra til annarra, jákvæðni og hvatvísi. Því minna sem *Raunsæið* er, því meiri er lífsgleði ungmennanna, vellíðan og óvissa um framtíðina. Yfirleitt gáfu stúlkurnar til kynna minna *Raunsæi* í staðhæfingum sínum en piltarnir.

Líðan og *Framtíðarsýn* eru jákvætt tengd *Háskólanámi*, og samsvarar þetta almennum vilja til áframhaldandi menntunar. Svipuð, en veikari tengsl greindust við *Námshvörf*, sem undirstrikar, að í *Námshvörfum* kemur fram fremur tvírætt viðhorf til náms.

Bæði *Gætni* og *Öryggiskennnd* eiga sér jákvæða fylgni við *Líðan*, en engin sambönd við önnur viðhorf. Þetta bendir til þess, að því betur sem ungmennunum líður, því gætnari séu þau og því minni tilhneigingu hafi þau til áhættu hegðunar, og jafnframt, að því betur sem þeim líður, því öruggari séu þau og skynji minni ógn í umhverfi sínu.

Flest rötgróin ungmenni búa með báðum foreldrum, en mörg nýfluttra búa með öðru foreldrinu. Þetta síðara veldur nýfluttum piltum ekki vandræðum í ætlanum sínum um framtíðina, öllu heldur hið gagnstæða, og hafa þeir yfirleitt jákvætt viðhorf til áframhaldandi náms á háskólastigi. Um nýfluttar stúlkur er aðra sögu að segja. Þær skýra frá minna Aðhaldi en önnur ungmenni, sýna minni *Gætni*, minni Námsgleði, hafa neikvætt viðhorf til Háskóla almennt, og yfirleitt neikvæðari *Framtíðarsýn*. Þetta gefur til kynna, að þessar stúlkur séu í töluvert meiri hættu en önnur ungmenni að lenda utan við „hjálparnet samfélagsins“, t.d. að falla brott úr skólakerfinu.

Yfirleitt mótast viðhorf ungmenna af skoðunum og umræðu í umhverfi þeirra, ekki síst

um atvinnumöguleika og framtíðarhorfur. Þetta á bæði við um ungmenni, sem ætla sér í langskólanám, og þau, sem ætla að fara að vinna að lokinni núverandi skólagöngu. Tengsl ungmennanna við nánasta umhverfi sitt eru oft afgerandi fyrir menntunar- og búsetuáform þeirra og aðlögun almennt. Því sterkari sem tengslin eru, því sáttari eru ungmennin við að annaðhvort búa áfram í heimahögum eða fara í framhaldsnám og flytja tímabundið burt af svæðinu. Þótt ofan greind viðhorf séu ekki tæmandi, segja þau okkur margt um hugarheim, sjálfsímynd, tilfinningar og væntingar ungmennanna. Með hliðsjón af þessu getum við dregið ályktanir um viðhorf annarra ungmenna. Gildi viðhorfanna má einnig meta með hliðsjón af fyrri rannsóknnum. Þar má m.a. sjá greinileg, jákvæð áhrif stöðugleika uppeldis og fjölskyldu á líðan ungmenna og áhrif heilsteyptrar fjölskyldugerðar á hegðun þeirra og val á framtíðarstarfi og menntun.

Forspárgildi viðhorfanna takmarkast einkum af því, að hér er um að ræða takmarkað mengi staðhæfinga, sem var svarað af takmörkuðum hópi ungmenna, á takmörkuðu aldursbili, á takmörkuðu svæði og á takmörkuðum tíma. Ef allar þessar takmarkanir eru teknar til greina, er ekkert því til fyrirstöðu að nota niðurstöðurnar sem undirstöðu alhæfinga um viðhorf ungmenna á svipuðum aldri undir svipuðum aðstæðum.

Samantekt

Töluverðar breytingar hafa orðið í mörgum íslenskum dreifbýlissamfélögum á undanfórnum árum. Atvinna í hefðbundnum greinum hefur lagst af, fólklust burt og íbúafjöldi minnkað. Meðalaldur íbúanna færist upp á við, þar sem oftar en ekki er það yngri kynslóðin, sem fer annað í leit að viðurværi. Ef þessi samfélög eiga að halda áfram að vera til sem slík, er þó mikilvægt fyrir þau að missa ekki ungmennin burt.

Í þessari rannsókn þeirri voru athuguð viðhorf 144 ungmenna með lögheimili á Austurlandi, 15-22 ára, til framtíðarbúsetu á svæðinu. Flest þeirra voru nemendur við Menntaskólann á Egilsstöðum. Tveir hópar greindust m.t.t. lengdar búsetu á svæðinu, „nýflutt“ (< 10 ár) og „rótgróin“ (> 10 ár).

Niðurstöðurnar benda til, að líðan og framtíðarsýn ákvarðist einkum af kyni, ættartengslum og lengd búsetu, en menntunarform einnig eftir fjölskylduhögum. Piltar voru almennt ánægðari en stúlkur með stöðu sína og möguleika í hinu staðbundna samfélagi, og fremur reiðubúnir til að vera þar til frambúðar. Sum viðhorfin voru einstaklingsbundin og önnur tengd almennum, aldursháðum breytingum í lífi ungmennanna. Ungmennin áttu yfirleitt mikil ættartengsl og höfðu svipuð viðhorf, s.s. tryggð við svæðið og bjartsýni um áframhaldandi búsetu. Mörg nýfluttra bjuggu með einstæðu foreldri eða öðru foreldrinu og fósturforeldri, en flest rótgróinna í kjarnafjölskyldu með báðum foreldrum. Nýflutt ungmenni voru skiptari í skoðunum en rótgróin, sum örugg og vongóð um fram-

tíðina, en önnur, einkum stúlkur, svartsýnni og tilbúin til að flytja af svæðinu.

Enda þótt þessar niðurstöður gefi okkur ekki nægjanlegar upplýsingar til að geta greint áhrif einstakra atburða síðustu ára á viðhorf ungmennanna, kemur margt athyglisvert fram. Viðhorfin, sem birtast í þessum niðurstöðum, spegla líðan ungmennanna og framtíðarsýn og þegar þau eru sett í samhengi kyns, aldurs og félagslegslegra þátta, s.s. búsetu, ættartengsla, menntunar og atvinnu foreldra, kemur auk þess fram ýmis marktækur munur milli hópa. Nákvæmari rannsókn á áhrifum þessara atriða mun gefa okkur vísbendingar um, hvernig skapa megí raunhæfan grundvöll fyrir ákjósanlegri samfélagsþróun á svæðinu, m.a. hvað varðar staðbundna fræðslu og atvinnutækifæri.

Kærar þakkir til allra þeirra ungmenna, sem létu af hendi upplýsingar til verkefnisins, og kennara þeirra, sem aðstoðuðu við gagna-söfnunina, sem og allra þeirra er hafa veitt upplýsingar og aðstoðað við þessi verkefni.